



Alþingi  
Efnahags og viðskiptanefnd  
Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 2.12.2002


**Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 324. mál, sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.**

Efni frumvarpsins lýtur meðal annars að skattlagningu lögaðila þar sem lagt er til að heimilt verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta eins og gildandi lög kveða á um. Af því tilefni vilja Samtök atvinnulífsins minna á umsögn sína um mál 114, skatthlutföll, verðbólguleiðréttingar o.fl., á síðasta löggjafarþingi, en þar var því sjónarmiði lýst að óhjákvæmilegt væri að taka til endurskoðunar ákvæði um fyrningar og söluhagnað í kjölfar afnáms verðbólguleiðréttingar í skattskilum.

Á vettvangi Samtaka atvinnulífsins hafa verið til umfjöllunar þær breytingar sem nauðsynlegt er að gerðar verði á fyrningarreglum til aðlögunar að afnámi verðbólguveikningsskila. Meðfylgjandi eru þær breytingartillögur sem Samtök atvinnulífsins telja brýnastar.

1. Teknar verði upp stíglækkandi afskriftir í stað línulegra á öllum eignum öðrum en fasteignum.
2. Stíglækkandi afskriftir verði áfram með valkvæðum efri og neðri mörkum.
3. Breytingar á hlutföllum verði eftirfarandi:

Núverandi skipan Línuleg afskrift	Tillaga SA Stíglækkandi afskrift
5%	10%
7,5%	15%
10%	25%
15%	30%
20%	35%

  
Ari Edwald, framkvæmdastjóri